

Námsáætlun 2016- 2017

Námsgrein: Íslenska

6. bekkur

Áfangalýsing

Góð þekking á móðurmálinu, eðli þess og sögu er nauðsynlegur þáttur í almennri menntun. Það er mikilvægt fyrir sjálfstraust nemenda að þeir nái færni á öllum sviðum tungumálsins. Að geta tjáð skoðanir, hugmyndir og tilfinningar í ræðu og riti er gott veganesti út í lífið. Grunnþættir í íslensku eru fjórir: talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Þessir þættir eru samofnir og unnið með þá sem eina heild.

Lesskilningur er eflur með því að vinna með hugtök og efla orðaforða og ályktunarhæfni nemenda. Mikilvægt er að lestur sé þjálfður reglulega heima.

5-6 kennslustundir á viku.

| Námsgrein | Hæfniviðmið | Námsefni | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|-----------------------------------|---|---|--|--|
| Lestur, bókmenntir og ljóð | <p>Að nemendur</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti lesið texta við hæfi á góðum hraða og með skilningi. -geti lesið fagurbókmenntir, þjóðsögur og ævintýri sér til yndisauka. -noti og skilji hugtök s.s. rím, ljóðstafi og boðskap úr ljóðum og sögum | <p><i>Vandamálið – ekki málið.</i></p> <p>Sestu og lestu bókaflokkurinn – sögur, samræður og verkefni.</p> <p>Ljóðahefti útbúið af kennara.</p> <p>Tilfallandi efni s.s. heimalestur í námsefni samfélags- og náttúrufræði.</p> <p>Heimalestrarbækur að eigin vali.</p> | <p>Upplstur, samlestur, hljóðlestur.</p> <p>Innlagnir, hópavinna/ stöðvavinna/einstaklingsvinna, umræður, upplýsingaöflun.</p> | <p>Lestrarpróf – atkvæðamæling þrisvar, lesskilningspróf, kannanir.</p> <p>Kannanir úr <i>Ekki málið</i>.</p> <p>Samvinnupróf.</p> |
| Málfræði | <p>Að nemendur</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti notað ríkulegan orðaforða í ræðu og riti -geti nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun -átti sig á flokkun orða í nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, fornöfn og fleiri flokka -þekki einkenni fyrrgreindra orðflokka og nái góðri leikni í flokkun orða -geri sér grein fyrir notagildi málfræðinnar t.d. við ritun og stafsetningu | <p><i>Skræða I og II, Málrækt 2</i>, ýmis verkefni og æfingar frá kennara.</p> | <p>Innlagnir, hópavinna, stöðvavinna, vinnubókarvinna, umræður.</p> <p>Einstaklingsmiðuð vinna og áætlanagerð.</p> | <p>Kannanir í tímum, verkefni metin.</p> <p>Símat.</p> <p>Svindlpróf.</p> <p>Heimapróf.</p> |

| | | | | |
|------------------------------------|---|---|--|---|
| | -nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum. | | | |
| | Hæfniviðmið | Námsefni | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
| Ritun | Að nemendur -geti skrifað læsilega og af öryggi -geti nýtt sér ritvinnslu við samningu eigin texta byggðan á eigin hugmyndum og reynslu -geti skrifað ritgerðir og útdrætti -geti rýnt í texta annarra höfunda og nýtt það við eigin ritun - þekki hugtakið málsgrein og viti að hún byrjar á stórum staf og endar á punkti -þekki helstu stafsetningarreglur og nái góðri færni í að beita þeim við ritun texta. | Ýmis ritunarverkefni /sögugerð. Síðuskólaskrift. Ritgerð í náttúrufræði. <i>Mál í mótun</i> , grunnbók og verkefnabók (heimanam). <i>Verkefni við réttitunarorðabók</i> og ýmsar æfingar frá kennara. | Innlagnir, hópavinna, umræður, upplestur og sóknarskrift. Ritgerðir og stafsetningaræfingar. Heimildavinna. | Verkefni metin. Stafsetningarupplestur/próf. |
| | Hæfniviðmið | Námsefni | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
| Talað mál, hlustun og áhorf | Að nemendur -geti sagt frá atburðum skýrt og áheyrilega -geti haldið athygli áheyrenda með aðstoð leikrænnar tjáningar -geti hlustað og geti nýtt eigin reynslu til að skilja það sem sagt er -eigi góð samskipti, geti hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt kurteisi. | Ýmis verkefni frá kennara. | Innlagnir, hópavinna og umræður. Hlusta á frásagnir bekkjarfélaga t.d. á bekkjarfundum. Upplestur eigin ritverka. Kynningar fyrir bekk á verkefnum í samfélags- og náttúrufræði. Flutningur atriðis á samverustund í sal, dagskrá fyrir aðra nemendur á litlu-jólum, hlustun á lestur framhaldssögu í nestistímum. | Símat. Jafningjamat. |

Kennarar, netföng

Jóhanna Ásmundsdóttir ja@akmennt.is og Jónína Sveinbjörnsdóttir joninasv@akmennt.is